

Reykjavík, nóv. 2022

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Skólastjórafélagi Reykjavíkur

***Efni: Umsögn Félags skólastjórnenda í Reykjavík um að fella niður fyrirlögn stærðfræðiskimunar í 3. bekk með Talnalykli í nóv. nk.***


Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík ræddi málið á fundi 18. nóvember. sl.

Stjórnin tekur undir þá tillögu að hætta skuli fyrirlögn stærðfræðiskimunar í 3. bekk með Talnalykli. Bent hefur verið á að skimunin sé úrelt og ekki í takt við þær áherslur sem liggja fyrir í nágildandi aðalnámskrá. Við það má bæta að ýmis hugtök og tungumál stærðfræðinnar hafa breyst í tímans rás.

Félagið bendir á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og það að skima börn snemma í stærðfræði sé í takti við áherslu farsældarlaganna.

Að því sögðu hvetur Félag skólastjórnenda í Reykjavík ráðið eindregið til að beita sér og senda hvatningu til nýrrar stofnunnar menntamála um að samræmdir matsferlar verði á þeirra ábyrgð.

F.h. Félags skólastjórnenda í Reykjavík,



Arndís Steinþórsdóttir, formaður